

EFTIRLITSSKÝRSLA

Efnamóttakan Hafnarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

| | | | |
|----------------------------|-------------------------|--------------------------------|--------------------------|
| Dags eftirlits | 20.10.2016 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Sigríður Kristjánsdóttir |
| Fyrirtæki | Efnamóttakan | Eftirlitsmaður | |
| Heimili | Berghellu 1 | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 6912982729 | Flokkur | Úrgangur og efnamóttaka |
| Fulltrúi fyrirtækis | Grétar Viðar Grétarsson | ÍSAT nr. | 51.57.02 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Jón H Steingrímsson | Staðsetning | 363053,302 408634,682 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik er skráð er varðar geymslu spilliefna utan athafnasvæðis Efnamóttökunnar. Takmörk eru á því hversu mikið magn má geyma af spilliefnum hverju sinni og hefur Efnamóttakan gripið til þess ráðs að geyma spilliefni í gámum inni á athafnasvæði Hafnarbakka við Hringhellu. Slíkar ráðstafanir voru gerðar án samráðs við eftirlitsaðila eða heilbrigðiseftirlit sem hefur eftirlit með starfssemi Hafnarbakka.

Athugasemd var gerð við frágang og geymslu spilliefna sem eiga uppruna sinn hjá þriðja aðila.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

1. Almenn ákvæði starfsleyfis - sbr. 1.kafli í starfsleyfinu
2. Varnir gegn mengun ytra umhverfs - sbr. 3. kafli í starfsleyfinu
3. Skráningar, skýrslugjöf og skil á gögnum
4. Önnur mál.
5. Skoðun á athafnasvæði

Rætt var um umfang starfseminnar, þ.e. það sem kemur inn til meðhöndlunar, meðhöndlun á svæðinu, flokkun og ráðstöfun. Rekstraraðili skilaði inn skýrslu um magn úrgangs en upplýsingar um umfang starfseminnar í heild sinni yfir árið koma ekki fram með skýrum hætti í þeirri skýrslu. Haldið er utan um helstu tölur í excel grunnum og voru þeir sýndir eftirlitsaðila við eftirlit.

Fram kom við eftirlit að töluvert af spilliefnum hefur safnast fyrir hjá rekstraraðila vegna erfiðleika við að koma efnunum í förgun innanlands eða í útflutning til endurnýtingar. Þar sem stefndi í að magn úrgangs á athafnasvæði myndi fara yfir þau 300 tonn sem heimilt er í starfsleyfi að sé á athafnasvæðinu, hefur verið gripið til þess úrræðis að setja spilliefni í gáma og geyma á gámasvæði Hafnarbakka við Hringhellu. Ekki var haft sérstakt samráð við eftirlitsaðila vegna þessa fyrirkomulags.

Rætt var um mengunarvarnir og frárennsliskerfi. Fráveita frá plönnum er lokuð með tveimur safnþróum, önnur er fyrir vinnsluhúsið og tekur um 3 rúmmetra og hin er 32 rúmmetrar að stærð og tekur við öllu fráveituvatni af útsvæði auk fráveituvatns frá húsinu. Söfnunarþrær eru vaktar með reglubundnum hætti og tæmdar að jafnaði 1x í viku. Mælingar á frárennslisvatni eru gerðar 1x á ári og voru niðurstöður ársins í ár afhentar við eftirlit og voru niðurstöður innan marka starfsleyfis. Fyrir mistök var ekki gerð mæling á styrk Mo, Sb, Sn og svifögnum og verður bætt úr því við næstu sýnatöku.

Farið var yfir meðhöndlun spilliefna og geymslu þeirra, meðhöndlun smitandi úrgangs, sprengifimra efna og raf og rafeindatækjaúrgangs. Rætt var um merkingar og varnir gegn því að úrkomuvatn komist að spilliefnum.

Rætt var um skráningar og skil á þeim til Umhverfisstofnunar. Eins og fram kemur að ofan gerir skýrsla um magn úrgangs ekki fyllilega grein fyrir þeim upplýsingum sem skylt er að skrá skuli sbr. grein 4.1 og grein 5.1 í starfsleyfinu. Haldið er utan um skráningar í excel og eru þær skráningar aðgengilegar eftirlitsaðila við eftirlit. Skoða þarf möguleika á ýtarlegri upplýsingagjöf til viðbótar við skýrslu um magn úrgangs t.d. í ársskýrslu fyrir næsta almanaksár. Upplýsingar um rekstur frárennsliskerfis eru fullnægjandi. Engin mengunaróhöpp hafa orðið það sem af er þessu ári. Frárennslismælingar ársins hafa farið fram og grænu bókhaldi fyrir starfsseminna var skilað í lok apríl.

Gengið var um athafnasvæði og vinnsluhúsnæði Efnamóttökunnar. Innkomin spilliefni sem eru óflokkuð eru geymd vestan megin á svæðinu. Fyrir flokkun eru efnin oft óvarin fyrir regni og þá er mikilvægt að þau stoppi stutt við svo þess sé gætt að úrkomuvatn komist ekki að spilliefnunum sbr. ákv. 3.8 í starfsleyfinu. Eftir flokkun og meðhöndlun spilliefna er þeim komið fyrir á útsvæði. Þá er spilliefnunum komið fyrir í heilum körum og með yfirbreiðslu úr plasti. Þá var skoðað inn í einn gám sem innihélt spilliefni og sem staðsettur var á athafnasvæði Hafnarbakka við Hringhellu.

ATHUGASEMDIR

Eitthvað var um að flokkuð spilliefni væru í körum með opnum plastpokum og enga yfirbreiðslu. Skv. rekstraraðila áttu þau kör uppruna sinn hjá þriðja aðila og er unnið að því að fá úrbætur þar á. Minnt er á að þegar körin eru komin inn á athafnasvæði Efnamóttökunnar þá er það á ábyrgð Efnamóttökunnar að sjá til þess að búið sé um spilliefni þannig að það samræmist starfsleyfi.

Mikið magn af spilliefnum hefur safnast fyrir hjá rekstraraðila sökum þess hver erfitt er að koma þeim til meðhöndlunar innanlands. Því hefur spilliefnum verið pakkað í gáma og gámarnir geymdir á athafnasvæði Hafnarbakka við Hringhellu. Athafnasvæðið er aflæst og með malbikuðu plani. Rekstraraðili hefur yfirlit yfir gámana en ekki er haft reglubundið eftirlit með þeim. Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að ekki var haft samráð fyrir stofnunina vegna þessarar geymslu og bendir rekstraraðila á að nauðsynlegt sé að eftirlit sé haft með gámunum með reglubundnum hætti. Sótt hefur verið um leyfi til útflutnings spilliefnanna og er það í vinnslu hjá Umhverfisstofnun.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 19.12.2016



Sigríður Kristjánsdóttir